

Vísindastarf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi kemur nú út fjórða árið í röð. Starfsmenn Skrifstofu kennslu-
vísinda og þróunar hafa aflað grunnupplýsinga í heftið og síðan fengið forstöðumenn fræðasviða og
forsvarsmenn fræðigreina á LSH til þess að yfirfara og bæta við þær upplýsingar svo að heftið
sýni sem gleggst þá vísindavirkni sem fer fram stofnuninni.

Síðustu 25 ár hefur vísindavinna á heilbrigðisviði eflst mjög á Íslandi. Þetta endurspeglast bæði í auknum
fjölda birtra greina í ritrýndum erlendum tímaritum og hlutfallslega fleiri vísindagreinum í virtustu
tímaritunum. Landspítali - háskólasjúkrahús er stærsta héraðs þekkingarstofnunin á heilbrigðisviði
og starfsmenn spítalans eiga því stóran þátt í þessari grósku. Öflug vísindavirkni innan veggja spítalans
bætir samkeppnisaðstöðu starfsmanna varðandi stóra erlenda rannsóknarstyrki og hefur á síðasta
áratug leitt til viðamikils rannsóknarsamstarfs við innlendar og erlendar vísindastofnanir.

Það er ánægjulegt hve mikið og fórnúst starf hefur verið unnið á þessum væng á árinu 2004 þrátt fyrir
hremmingar á ýmsum sviðum vegna sparnaðar í heilbrigðiskerfinu, sem óneitanlega hafa saumað að
þessari starfsemi innan veggja spítalans. Góðu tíðindin eru hins vegar þau, að Vísindasjóður LSH
hefur verið efldur og honum tryggð framtíðarfjármögnun, sem fyrri fjármögnun sjóðsins gerði ekki
og undirbúningsvinna að fjárhagslegri verndun þessarar starfsemi er í fullum gangi.

Vísindavinna leiðir af sér þekkingarsköpun, sem á hverjum tíma á stóran þátt í gæðastarfi spítalans
og starfsgleði almennt.

Án vísindastarfs væri LSH ekki háskólaspítali.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir

EFNISYFIRLIT

Visindasjóður Landspítala - háskólasjúkrahúss	4	Meltingarlæknisfræði	48
Styrkveitingar Visindasjóðs árið 2004	5	Nýrnalæknisfræði	49
Pórarinn Gíslason	8	Smitsjúkdómalæknisfræði	50
Stefanía P. Bjarnason	9	Meinafræði	52
Siðanefnd LSH	10	Myndgreining	55
Samþykkt erindi siðanefndar árið 2004	11	Ónæmisfræði	56
Siðanefnd stjórnáskránnáskrá	13	Sýklafræði	61
Veggsþjóld á Visindum á vordögum LSH 2004	14	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	63
Fræðasvið hjúkrunarfræðideildar H.Í.	16	Veirufræði	63
Fræðasvið læknadeildar H.Í.	16	Taugasjúkdómfræði	65
Augnlæknisfræði	17	Öldrunarlæknisfræði	67
Barnalæknisfræði	19	Barnahjúkrun	68
Blóðfræði	22	Geðhjúkrun	71
Endurhæfingalæknisfræði / sjúkraþjálfun	23	Endurhæfingarhjúkrun	71
Bráðalæknisfræði	23	Meðgönguvernd	74
Sjúkraþjálfun	24	Kynlífs- og frjósemisheilbrigði	74
Fæðinga- og kvensjúkdómfræði	25	Upplýsingatækni í hjúkrun	75
Kvensjúkdómfræði	27	Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun	75
Geðsjúkdómfræði - Sálfræði	28	Blóðbankinn	76
Sálfræði	31	Öldrunarhjúkrun	76
Handlæknisfræði	33	Félagsráðgjöf, vefrænar deildir	77
Bæklunarlæknisfræði	34	Lyfjafræði	78
Þvagfæralæknisfræði	35	Iðjuþjálfun	78
Æðaskurðlækningar	35	Næringarstofa	79
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði	35	Meinataeknar	79
Heila- og taugaskurðlæknisfræði	35	Sálgæsla presta og djákna	81
Krabbameinslæknisfræði	36	Talmeinafræði	82
Lífefna- og sameindalíffræði	37	Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga SFU	82
Lyfja- og eitrefnafræði	40	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar	83
Lyflæknisfræði	41	Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar	84
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði	42	Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga	84
Innkirtlalæknisfræði	43	Skrifstofa forstjóra	86
Lungnalæknisfræði	45	Skrifstofa tækni og eigna	86

FRÆÐIGREINAR Í STAFRÓFSRÖÐ

Augnlæknisfræði	17	Lyflæknisfræði	41
Barnahjúkrun	68	Meðgönguvernd	74
Barnalæknisfræði	19	Meinafræði	52
Blóðbankinn	76	Meinataeknar	79
Blóðfræði	22	Meltingarlæknisfræði	48
Bráðalæknisfræði	23	Myndgreining	55
Bæklunarlæknisfræði	34	Nýrnalæknisfræði	49
Endurhæfingalæknisfræði / sjúkraþjálfun	23	Næringarstofa	79
Endurhæfingarhjúkrun	71	Ónæmisfræði	56
Félagsráðgjöf, vefrænar deildir	77	Sálfræði	31
Fæðinga- og kvensjúkdómfræði	25	Sálgæsla presta og djákna	81
Geðhjúkrun	71	Sjúkraþjálfun	24
Geðsjúkdómfræði - Sálfræði	28	Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga SFU	82
Handlæknisfræði	33	Skrifstofa forstjóra	86
Heila- og taugaskurðlæknisfræði	35	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar	83
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði	35	Skrifstofa framkvæmdastjóra lækninga	84
Hjartalæknisfræði	42	Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar	84
Hjúkrun langveikra fullorðinna	72	Skrifstofa tækni og eigna	86
Hjúkrun skuðsjúklinga	73	Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun	75
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði	42	Smitsjúkdómfræði	50
Iðjuþjálfun	78	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	63
Innkirtlalæknisfræði	43	Sýklafræði	61
Krabbameinshjúkrunarfræði	73	Talmeinafræði	82
Krabbameinslæknisfræði	36	Taugasjúkdómfræði	65
Kvensjúkdómfræði	27	Upplýsingatækni í hjúkrun	75
Kynlífs- og frjósemisheilbrigði	74	Veirufræði	63
Lífefna- og sameindalíffræði	37	Þvagfæralæknisfræði	35
Lungnasjúkdómfræði	45	Æðaskurðlækningar	35
Lyfja- og eitrefnafræði	40	Öldrunarhjúkrun	76
Lyfjafræði	78	Öldrunarlæknisfræði	67

Landspítali - háskólasjúkrahús gegnir veigamiklu hlutverki í því að efla heilbrigðisvísindi hér á landi. Leit nýrrar þekkingar og þróun tækni eru forsendur framfara og þess að spítalinn geti veitt þjónustu í hæsta gæðaflokki. Spítalinn er háskólasjúkrahús og sem slíkt hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaðarfull vísindastefna er leiðarljós og hvatning fyrir stjórnendum og starfsmenn spítalans en um leið almenn yfirlýsing um vilja Landspítala - háskólasjúkrahúss til að gegna veigamiklu hlutverki í vísindastarfi. Vísindastefna og viðleitni spítalans á sviði vísinda á sífellt að vera til umræðu og endurskoðunar af starfsmönnum, almenningi, stjórnendum og stjórnvöldum.

Markmið og viðleitni Landspítala - háskólasjúkrahúss er lýst í eftirfarandi meginviðhorfum:

1. Rannsóknarhlutverk spítalans felur í sér bæði sköpun nýrrar þekkingar og hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna, íslensku samfélagi til hagsbóta.
2. Fræðilegt starf þarf að standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi og spítalinn á að vera í fararbroddi í þróun heilbrigðisvísinda á Íslandi.
3. Vísindarannsóknir skulu vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd siðfræðileg markmið.
4. Spítalinn skal leitast við að tryggja starfsfólki sínu tíma, aðstöðu og frjótt starfsumhverfi til að stunda rannsóknir í grunnvísindum sem og hagnýtum fræðum.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að framgangi vísindastefnu sinnar með fjölþættum hætti og eiga nána samvinnu við rannsóknar og menntastofnanir sem vinna að menntun heilbrigðisstétta og heilbrigðisvísindum. Þetta verður gert með eftirfarandi hætti:

1. Í samningum spítalans og menntastofnana verði vísinda- og rannsóknarsamstarf tryggt og til þess hvatt með skýrum gagnkvæmum stuðningi og aðgerðum. Ennfremur verði í framtíðaruppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss lögð áhersla á samtönnun rannsókna, kennslu og þjónustu.
2. Spítalinn mun efla samstarf við Háskóla Íslands og aðra skóla, innlenda og erlenda, sem tengjast starfsemi spítalans og menntun heilbrigðisstétta.
3. Þverfaglegt rannsóknarstarf verði eflt, bæði innan spítalans og við vísindamenn utan hans.
4. Stuðlað verði að samvinnu við lífvísinda- og lyfjafyrirtæki, heilbrigðistækni- og upplýsingatæknifyrirtæki, innlend og erlend.
5. Unnið verði að stofnun heilbrigðisvísindastofnunar á lóð spítalans í samvinnu við Háskóla Íslands, aðra skóla og einkaaðila. Með tilkomu slíkrar stofnunar kemst á frjótt umhverfi til uppbyggingar vísinda og aðstaða til að bjóða frumkvöðlum samstarf í nánd við starfsmenn spítalans og þá sem samstarf eiga við hann.
6. Aðstaða til klínískra rannsókna verði byggð upp og styrkt. Rannsóknasetur verði skilgreindur hluti af starfsemi spítalans og rannsakendum til aðstoðar á öllum stigum rannsóknarstarfsins, allt frá umsóknum um fjármagn, siðfræðimál, tölfraeðvinnslu, birtingu og útgáfu niðurstaðna.

7. Landspítali - háskólasjúkrahús tryggir starfsfólki aðgang að góðu vísindalegu bókasafni með rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.
8. Starfsfólki verði gefinn kostur á að sækja um launað rannsóknaleyfi á vegum spítalans. Árlega verði tiltekinn starfstími veittur í þessum tilgangi í fjárhagsáætlun Vísindasjóðs LSH og spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús vill byggja upp öflugan vísindasjóð sem veitir styrki á samkeppnisgrundvelli. Úr Vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss skal veita styrki bæði til byrjenda í rannsóknum sem og reyndari rannsakenda. Stefnt skal að því að koma upp sérstöku tækjakaupasjóði, ætluðum til að styrkja kaup á tækjum til vísindarannsókna. Í fjárhagsáætlun spítalans skulu tilteknir þeir fjármunir er árlega verða til ráðstöfunar úr styrktarsjóðum spítalans. Jafnframt er starfsfólk spítalans hvatt til að sækja um styrki úr öðrum rannsóknarsjóðum, jafnt innlendum sem erlendum. Spítalinn mun eftir föngum aðstoða starfsfólk við gerð umsókna.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að því að setja skýrar siðareglur fyrir vísindastarf og hafa lög og reglur, sem vísindarannsóknir lúta, rannsakendum aðgengilegar á heimasíðu spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús hvetur starfsfólk sitt til að kynna rannsóknaniðurstöður á innlendum og erlendum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Jafnframt verði mikilvægar niðurstöður kynntar almenningi, m.a. með kynningu í húsakynnum spítalans. Árlega verði sameiginleg kynning á vísindavinnu starfsfólks spítalans á "Vísindum á Vordögum", með fyrirlestrum og veggspjöldum og viðurkenning veitt þeim starfsmanni sem skarar fram úr.

Spítalinn birtir árlega ritskrá starfsfólks með stuttum útdrætti. Spítalinn mun móta, í samvinnu við Háskóla Íslands, meðferð höfundaréttar og eignarhalds á rannsóknaniðurstöðum. Enn fremur reglur um fjárreiður vísindasjóða og meðferð rannsóknargagna.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar Landspítala - háskólasjúkrahúss er starfsfólki spítalans til aðstoðar við vísindastarf hvers konar. Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss er stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn LSH til ráðgjafar um vísindastarf á spítalanum.

Samþykkt af stjórnarnefnd LSH
2. maí 2002

Reglur Landspítala - háskólasjúkrahúss um vísindarannsóknir er að finna á vef spítalans, www.landspitali.is.

Skipulagsskrá

1. grein

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Landspítala - háskólasjúkrahúss. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Stofnfé sjóðsins er kr. 35.710.055. Það er fé sem var í Vísindasjóði Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur þann 1. janúar 2001 kr. 33.710.055, en sá sjóður var stofnaður til minningar um Þórð Sveinsson, lækni og Þórð Úlfarsson, flugmann, með skipulagsskrá staðfestri 5. janúar 1964 og fé úr Vísindasjóði Landspítalans 10. maí 2001 kr. 2.000.000, en starfsreglur hans voru samþykktar af heilbrigðisráðherra þann 31. október 1994.

3. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eða í náninni samvinnu við það. Aðild að sjóðnum eiga allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH.

4. grein

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Einn skal tilnefndur af lækna ráði LSH, einn af hjúkrunaráði LSH og einn af skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar. Skulu tveir tilnefndir af stjórnarnefnd LSH og annar þeirra vera formaður og hinn úr hópi annarra háskólastétta en lækna og hjúkrunarfræðinga. Skipunartími stjórnar er fjögur ár. Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthluta hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu til tvisvar sinnum á ári að fengnum tillögum úthlutunarnefndar. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd og setur henni starfsreglur.

5. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- Árlegt framlag LSH samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar.
- Framlög fyrirtækja vegna rannsóknasamninga við LSH og starfsmenn hans.
- Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.
- Gjafir sem sjóðnum berast.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Stjórninni er skylt að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmasta hátt.

Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun styrkja svo mikið að ekki standi ávallt eftir a.m.k. kr. 25.000.000 sem haldi verðgildi sínu á hverjum tíma.

6. grein

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga LSH annast fjárreiður sjóðsins og bókhald f.h. sjóðsstjórnar. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og þeir birtir með ársskýrslu LSH.

7. grein

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Leita skal samþykkis stjórnarnefndar LSH fyrir breytingunum. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

8. grein

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur sem staðfest var þ. 5. janúar 1964 svo og starfsreglur Vísindasjóðs Landspítalans staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 31. október 1994.

Samþykkt á fundi stjórnarnefndar
Landspítala - háskólasjúkrahúss
8. maí 2001.



VÍSINDARÁÐ LSH

Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss skipað til tveggja ára eða septemberloka árið 2005. Formaður er Bjarni Þjóðleifsson yfirlæknir. Vísindaráði er ætlað vera stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu.

Bjarni Þjóðleifsson, yfirlæknir, formaður
Auðna Ágústsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Eiríkur Örn Arnarson, sálfræðingur
Helga Bragadóttir, hjúkrunarfræðingur
Magnús Karl Magnússon, læknir
Rósa Björk Barkadóttir, náttúrufræðingur
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, læknir

Aðalbjörn Þorsteinsson, sérfræðingur, svæfingar- og gjörgæsludeild LSH. Hyponatremia eftir aðgerðir á börnum.

Arnór Víkingsson, sérfræðingur, gigtardeild, Fossvogi. Áhrif NSAID lyfja á bráða og króniska liðbólgu í rottum.

Arthur Löve, yfirlæknir, Rannsóknarstofnun LSH – veirufræði. Sameindalíffræðilegur samanburður á lifrabólguveiru B stofnum á Íslandi.

Berglind Magnúsdóttir, sálfræðingur, Sálfræðipjónusta, öldrunarsviði. Staðall á DRS-2 heilabilunarkvarða.

Bertrand Lauth, sérfræðingur, barna- og unglingageðdeild, Dalbraut. Innlagnir á unglingageðdeild BUGL.

Bjarni A. Agnarsson, sérfræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. Krabbamein í eistum. Meinafræðileg rannsókn, 1955 - 2000.

Bjarni Þjóðleifsson, yfirlæknir, lyflækningasvið I, Hringbraut. Chronic infections and atherosclerosis.

Björn Guðbjörnsson, sérfræðingur, rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum. Beinverndandi meðferð samhliða langtíma sykursteroatnotkunar.

Björn Guðbjörnsson, sérfræðingur, rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum. Ræsing og ferill bráðra bólguviðbragða með liðskiptaaðgerðir sem módel.

Björn Guðbjörnsson, sérfræðingur, rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum. Rannsóknir á líffærasértækum ónæmissjúkdómum með heilkenni Sjögrens sem módel sjúkdóm.

Björn Lúðvíksson, sérfræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. Örsök og afleiðing IgA skorts.

Björn Lúðvíksson, sérfræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. 1 á þroskunarferil óþroskaðra T-fruma Áhrif TGF

David Gíslason, sérfræðingur, lyflækningasvið I, Fossvogi. Algengi fæðuofnæmis meðal fullorðinna Íslendinga.

Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur, sálfræðipjónusta vefrænna deilda, Forvörn þunglyndis meðal unglina, framhaldsumsókn.

Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir, geðsvið. Viðhorf Íslendinga til notkunar geðdeyfðarlyfja og greining þátta sem hafa áhrif á viðhorfin.

Felix Valsson, sérfræðingur, svæfing og gjörgæsla, Hringbraut. Kæling meðvitundarlausra sjúklinga eftir hjartastopp.

Garðar Guðmundsson, sérfræðingur, heila- og taugskurðeild. Idiopathic Normal Pressure. Hydrocephalus, svefn og þrýstingsbreytingar í heila

Gísli H. Sigurðsson, forstöðulæknir, svæfinga- og gjörgæsludeild. Vasópressin meðferð í septísku losti: Áhrif á dreifingu blóðflæðis í kviðarholslíffærum

Guðlaug Þorsteinsdóttir, sérfræðingur, geðsvið. Faraldsfræði átraskanna í framhaldsskólum á Íslandi.

Guðmundur J. Arason, náttúrufræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. Þáttur bólgumiðla í meinþróun kransæðasjúkdóms.

Guðmundur Víkar Einarsson, yfirlæknir, Rannsóknarstofnun LSH. Áhættuþættir nýrnafrumkrabbameins á Íslandi 1971 - 2000.

Guðmundur Þorgeirsson, sviðstjóri lækninga, lyflækningasvið I, Hringbraut. Boðkerfi í æðapeli. Hlutverk AMP - kinasa í örvun eNOS.

Guðrún Gestsdóttir, sjúkrapjálfari, endurhæfingasvið, Landakoti. Greiningar á jafnvægisviðbrögðum hjá konum með nýleg og langvarandi einkenni frá efri háls hrygg eftir bílaákeyslur.

Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómadeild. Aldursbundnar breytingar á kalk- og beinabúskap íslenskra karla og kvenna. Hugsanlegar skýringar.

Gunnar Skúli Ármannsson, sérfræðingur, Svæfinga- og gjörgæsludeild, Hringbraut. Parmaco kinetik Parasetamols.

Hallgrímur Guðjónsson, sérfræðingur, lyflækningasvið I. Farandsfræðileg rannsókn á starfrænum meltingarfærakvillum hjá Íslendingum.

Helga Hrefna Bjarnadóttir, verkefnastjóri, skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga, Eiríksstötu. Fylgni vinnuálagseininga í hjúkrun og DRG vigta á skurð- og lyflækningasviðum LSH.

Helgi Valdimarsson, yfirlæknir, Rannsóknarstofnun LSH, Hringbraut. Húðsækieiginleikar T eitifruma í kverkeittum sórasjúklinga.

Herdís Alfreðsdóttir, deildarstjóri, 12CD Hringbraut. Hjúkrun og öryggi sjúklinga á skurðstofu.

Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir, blóðlækningadeild. Genatjáníng B eitifruma hjá meðlimum fjölskyldu þar sem einstofna mótefnahækkun er ættlæg.

Inga Valdimarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Deild 12C, LSH. Líðan sjúklinga eftir ristilúrnám flýttibameðferð.

Inga Þórsdóttir, forstöðumaður, næringarstofa. Greining vannæringar meðal aldraðra.

Ingbjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur næringarstofa. Fæðingarstærð, vöxtur í barnæsku og sjúkdómar síðar á ævinni.

Ingbjörg Hilmarsdóttir, sérfræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. Iðrasýkingar á Íslandi.

Ingileif Jónsdóttir, forstöðunáttúrufræðingur, Rannsóknarstofnun LSH. Nýtt bóludefni gegn pneumókókkum - virkni og vernd gegn sýkingum í nýfæddum músum.



Ísleifur Ólafsson, yfirlæknir,
Rannsóknarstofnun LSH.
Stjórn á afritun og tjáningu gena
cystatín C og cystatín F.

Jón Hersir Ellasson, sérfræðingur,
taugadeild Fossvogi.
Nýgengni heilablóðfalls á Íslandi.

Jón Ívar Einarsson, sérfræðingur,
kvinnadeild.
Efficacy of vitamin C supplementation on
pelvic pain in women with surgically
confirmed endometriosis.

Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir,
Rannsóknarstofnun LSH.
Stökkbreytiskimun á genum með
tvívíðum rofháðum rafdrætti.

Jón Magnús Sigurðarson, fjármálaráðgjafi
SKVP, Eirbergi
Umfang rannsókna á LSH á árinu 2003
í mannárum, ritverkum og
rannsóknarniðurstöðum

Jón Þór Bergþórsson, náttúrufræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
Greining kímlínustökkbreytinga
eistnakkabameini.

Jónína Þ. Erlendsdóttir hjúkrunarfræðingur,
A-7, Fossvogi.
Þreyta meðal kvenna sem hafa nýlega
greinst með brjóstakrabbamein og
kvenna almennt í samfélaginu.

Karl Andersen, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, Hringbraut.
Rannsókn á erfðafræðilegum markör
til greiningar á in-stent restenosis.

Kristbjörn Orri Guðmundsson, náttúrufræðingur,
blóðbanka.
Greining á virkni æxlisbælgisgensins DLG/
í blóðmyndun.

Kristín Jónsdóttir, deildarmeinataeknir,
Rannsóknarstofnun LSH
Sameindafaraldsfræði Chlamydia trachomatis
í sýnum frá sjúklingum með endurteknar eða
viðvarandi sýkingar

Kristján Steinsson, yfirlæknir,
lyflækningasvið I, Fossvogi.
Sjálfsöfnæmissjúkdómur í fjölskyldum með
ættlæga rauða úlfa og iktsýki, m.t.t. faraldsfræði
og erfðafræði

Magnús Gottfreðsson, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, LSH Fossvogi.
Arfgerðarbreytileiki meningókokkastofna á Íslandi.

Magnús Karl Magnússon, sérfræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
Áhrif R-tengra æxlisgena."sprouty-
genafjölskyldunnar á virkni PDGF.

Margrét Sigurðardóttir, félagsráðgjafi,
endurhæfingarsvið.
Félagslegar aðstæður og aðlögun
einstaklinga með MS sjúkdóminn.

María K. Jónsdóttir, taugasálfræðingur,
endurhæfingarsvið, Grensási.
Félagsleg afdrif eftir heilaáverka.

Oddný S. Gunnarsdóttir, deildarstjóri,
Skrifstofu kennslu vísinda og þróunar,
13-C, Fossvogi.
Dánartíðni einstaklinga sem leituðu
bráðamóttöku Hringbraut 1995 - 2002

Ólafur Baldursson, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, Fossvogi.
Þekjuvefur lungna.

Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir,
BUGL.
Heilsa, hegðun og þroski íslenskra
5 ára barna.

Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, Hringbraut.
Afdrif einstaklinga með langvinnan
nýrnasjúkdóm.

Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, Hringbraut.
Ómega -3 fjölmottaðar fitusýrur til að
fyrirbyggja gáttatíf eftir opna
hjátaskurðaðgerð.

Páll E. Ingvarsson, sérfræðingur,
endurhæfingarsvið, Grensási,
Þátttaka í fjölpjöldlegri rannsókn RISE,
með raförvun við útlægan alskaða á mánu.

Páll T. Öundurson, yfirlæknir,
Rannsóknarstofnun LSH
Arfgerð og svipgerð Bernard - Soulier
sjúkdóms á Íslandi.

Rafn Benediktsson, sérfræðingur,
lyflækningasvið I, Fossvogi.
Algengi sykursýkis og efnaskiptavillu á Íslandi.

Rannveig Þöll Þórsdóttir, verkefnastjóri,
Forprófun mælitækisins RAI-MH 2.0 á móttöku
og meðferðardeildum geðsviðs LSH.

Rósa Björk Barkardóttir, yfirmáttúrufræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
RNA tjáningarmynstur og ættlægt
brjóstakrabbamein.

Sigríður Ólína Haraldsdóttir, sérfræðingur
lyflækningasvið I, Fossvogi
Ættartengsl í sarklíki.
Tengsl umhverfisþátta við sarklíki.

Sigrún Reykdal sérfræðingur,
lyflækningasvið II, Hringbraut
Griplufurumur í mergrangvaxtarheilkenni.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, yfirlæknir,
taugalækningadeild, Fossvogi.
Myotonia Dystrophica (MD) á Íslandi.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, yfirlæknir,
taugalækningadeild, Fossvogi.
Svefnraskanir meðal Parkinsonsjúklinga.

Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, sérfræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
Fæðuofnæmi hjá íslenskum börnum - algengi
og tengsl við aðra ofnæmissjúkdóma á
fyrstu þremur æviárunum.

Sólveig Hannesdóttir, ónæmisfræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
Ákvörðun boðefnamynsturs í milta og eitlum
í nýfæddum og fullorðnum músum.

Sólveig Jónsdóttir, sálfræðingur,
BUGL
Effects of transcutaneous electrical nerve
stimulation (TENS) on cognition behaviour,
and motor activity in children with attention
- deficit hyperactivity disorder (ADHA)
combined type.

Sólveig Jónsdóttir, sálfræðingur,
BUGL
The impact of specific language impairment
on working memory in children with ADHD
combined type.

Stefanía P. Bjarnarson, náttúrufræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH
Fjölskyrusértækar B- minnisfrumur í eitilvef
nýfæddra músa bólusettar með prótein
tengdum fjölskykrum.

Sædis Sævarsdóttir, deildarlæknir,
Rannsóknarstofnun LSH.
Bindur mannose binding lectin MBL blóðfitu (LDL)
og mótefnaflettur sykursjúkra betur en heilbrigða

Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðingur,
barnasvið, Hringbraut.
Erfðir nýrnasteina: Faraldsfræði,
efnaskiptasviðgerð, meingenaleit.

Vigdís Pétursdóttir, sérfræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH
Meinafræði nýrnakrabbameins á Íslandi
og tengsl við horfur.

Þórarinn Gíslason, yfirlæknir
lyflækningasvið I, Fossvogi.
Sýkingarálag, ofnæmi og lungnasjúkdómar.

Þórarinn Gíslason, yfirlæknir,
lyflækningasvið I, Fossvogi.
Algengi og eðli langvinnrar lungnateppu
á Íslandi.

Þórdís Kristinsdóttir, hjúkrunarfræðingur
barnageðdeild.
Könnun á aðstæðum, upplifun og bjargráðum
foreldra barna sem eru á biðlist á BUGL.

Þórður Helgason, forstöðumaður,
rannsóknar- og þróunarstofa
Mælingar á geislavirkum efnum
í líkama mannsins.

Þórður Helgason, forstöðumaður,
rannsóknar- og þróunarstofa.
Medical Stereolithography.

Þórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir, náttúrufræðingur,
Rannsóknarstofnun LSH.
Aðild stutta arms litnings 3 í sjúkdómsferli
krabbameina.



Í tilefni þess að Pórarinn Gíslason fékk stóra styrki til rannsókna, m.a. frá National Institut of Health er fróðlegt að kynnst fræðistörfum hans og áhugasviðum í rannsóknum.

Fyrir rúmum 20 árum vaknaði áhugi Pórarins Gíslasonar á svefnháðum öndunartruflunum en hann var þá í framhaldsnámi við Akademíska sjúkrahúsið í Uppsölum.

“Ætlunin var þá að ég ynni að rannsóknarverkefni þar sem fylgja átti eftir sjúklingum sem höfðu haft alvarlega hryggskekkju frá barnsaldri. Markmiðið var að skoða hvernig hjarta- og lungnastarfssemi þeirra væri varið. Lítið varð úr framkvæmd þar sem í ljós kom að flestir þessara einstaklinga höfðu látist upp úr fertugu úr fylgikvillum vanöndunar í svefni. Í kjölfarið vaknaði áhugi minn á greiningu og meðferð öndunartruflana í svefni og haustið 1984 byrjuðum við í Uppsölum að greina og meðhöndla kæfisvefn.”

Hátt í 2000 manns á Íslandi nota svefnöndunartæki þegar þeir sofa. En hvers vegna ætli Pórarinn hafi fengið áhuga á þessu rannsóknarefni?

“Það má segja að ég hafi haft viðvarandi rannsóknaráhuga á því sem lítur að greiningu og meðferð kæfisvefns þessi 20 ár sem liðin eru. Ástæðan er m.a. sú að sjálf klínísk vinnan á þessu sviði er líka mjög gefandi. Það er samhentur hópur á lungnadeild LSH í Fossvogi sem vinnur að greiningu og meðferð kæfisvefns og alltaf ánægjulegt að sjá gjörbreytingu á liðan sjúklinga við árangursríka meðferð.”

Pórarinn kom heim frá Svíþjóð árið 1987 og hóf störf á Vífilsstaðspítala.

“Þar vann ég næstu 15 árin í stórkostlegu umhverfi undir stjórn Hrafnkels Helgasonar, yfirlæknis. Við fluttum svo fyrir rúmum tveimur árum og megin starfsemi lungnalækninga sameinaðist á Landspítala Fossvogi. Það var ekki laust við að nokkur kvíði fylgdi flutningnum en hann reyndist ástæðulaus. Við erum núna í faglegu umhverfi sem er miklu fjölbreytilegra en áður og komið samstarf við aðrar sérgræinar í verulegu mæli þannig að ótal ný tækifæri hafa myndast.”

Pórarinn segir að rannsóknaraðferðir og áherslur hafi gjörbreytt á sínum ferli.

“Fyrir 20 árum byrjaði maður gjarnan rannsókn alfarið upp á eigin spítur, hannaði eigin spurningalista og aðferðir, valdi þýði og svo var einfaldlega lagt af stað – yfirleitt án peninga. Þær rannsóknir sem við vinnum að í dag eru aftur á móti langoftast hluti af stærri rannsóknarverkefnum sem unnin eru með sambærilegri og staðlaðri aðferðafræði á fleiri en einum stað. Evrópukönnunin Lungu- og Heilsa, með heimasíðu www.ECRSH.org er gott dæmi um alþjóðasamstarf þar sem aðferðirnar eru vel staðlaðar. Segja má að öll megin rannsóknarverkefni sem ég tengist í dag séu með erlendum samstarfsaðilum en við bætum líka oft við áætlunina séríslenskum þáttum. Í alþjóðasamstarfi vinnast rannsóknir mun léttar, fjármögnun er auðveldari, framkvæmd markvissari og úrvinnsla hraðari. Þá er líka auðveldara að birta niðurstöður í ritryndum vísindaritum. Þannig erum við núna að birta niðurstöður úr endurtekningarrannsókninni vegna áður nefndar könnunar, Lungu- og Heilsa sem gerð var fyrir rúmum 3 árum. Hlutur Íslands er þar umtalsverður og vaxandi því Íslendingar eru þrátt fyrir allt enn viljugir að taka þátt og leggja lið. Til dæmis var um 85% þátttaka í Evrópukönnuninni - sú hæsta meðal á þriðja tug þátttökustaða.”

Á Íslandi eru góðar aðstæður til þátttöku í alþjóðarannsóknarsamstarfi og sist lakari en gerist hjá erlendum samstarfsaðilum, segir Pórarinn. Boðleiðir milli manna séu stuttar og almennur áhugi á samstarfi. Í slíku rannsóknarsamstarfi geti verið um verulegt fjármagn að ræða sem við njótum góðs af.

“Á undanförmum mánuðum hefur okkur boðist þátttaka í stórum fjárfrekum rannsóknarverkefnum, bæði á vegum bandarísku heilbrigðismála- stofnunarinnar (NIH) og innan sjötu rammaáætlunar Evrópubandalagsins. Rannsóknarsamningurinn við NIH er samstarfsverkefni Professors Allan I. Pack við Háskólann í Phyladelphiu, Íslenskrar erfðagreiningar og LSH. Ætlunin er að skoða og meta á þriðja þúsund manns á næstu 5 árum með tilliti til kæfisvefns. Leitað verður upplýsinga um erfðaþætti, fylgikvilla tengda hjarta-, æða- og efnaskiptasjúkdómum ásamt nákvæmu mati á efra loftvegi með aðstoð segulómtækni og ómskoðunar af nefholi. Styrkur NIH til LSH nemur tæpum 2 milljónum dollurum á rannsóknartímanum.”

Pórarinn segir miklu skipta að Landspítali - háskólasjúkrahús sé reiðubúið að koma að slíkum verkefnum í samstarfi við læknadeild Háskóla Íslands og styðja af heilindum við undirbúning og framkvæmd.

“Sjálfur trúi ég því að heilbrigðisþjónustan sé best og skilvirkust þegar hún fer fram í umhverfi þar sem vísindarannsóknir eru stundaðar af krafti. Vísindarannsóknir eiga að vera eðlilegur hluti þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er í landinu á hverjum tíma og þátttaka í þeim snar þáttur í kennslu og símenntun heilbrigðisstétta. Þetta er ekki bara spurning um starfsánægju heilbrigðisstétta. Það þarf ekki að svipast lengi um meðal annarra þjóða til þess að sjá muninn. Annars vegar blasir við heilbrigðisþjónusta byggð á vísindarannsóknum og nýjustu þekkingu. Þar er metið að kvöldi hvort bestu aðferðum hafi verið beitt og hátækniönaður er gjarnan í sjónmáli. Hins vegar er forpokuð afturhaldssemi ráðandi sem krefst þess að allt verði áfram eins á morgun og var í gær.”

Verðlaun til ungra og efnilegra vísindamanna voru veitt í fyrsta sinn af vísindaráði LSH í maí á 2004 og fór afhendingin fram á Vísindum á vordögum. Stefania P. Bjarnarson, náttúrufræðingur á ónæmisfræðideild, hlaut verðlaunin fyrir rannsóknir sínar á ónæmiskerfi nýbura.

Stefanía hefur stundað rannsóknir á ónæmiskerfi nýbura frá árinu 2000.

Hún gerði sér grein fyrir því hvert áhugasvið hennar var þegar hún sat námskeið Ingileifar Jónsdóttur í ónæmisfræði árið 1999, og vann síðan lítið rannsóknaverkefni undir hennar handleiðslu „Ég vissi strax þegar ég hóf að lesa undir námskeið Ingileifar að ég hafði fundið mitt fag. Ég var nýbökkuð móðir á þeim tíma og þetta rannsóknarefni var einmitt innan þess sviðs sem mestan áhuga vakti hjá mér og gerir enn, það er, ónæmisfræði nýbura og ungbarna og smit-sjúkdómur,“ segir hún.

Stefanía vann í eitt ár að rannsóknum með Ingileif og Håvard Jakobsen og hóf svo MS nám í ónæmisfræði við læknaeild Háskóla Íslands haustið 2001 undir leiðsögn Ingileifar. Áhuginn á rannsóknarefninu hafði síður en svo minnkað.

Verkefni Stefaniú gekk undir heitinu: „B-frumuminni gegn fjölskrum í nýfæddum og ungum músum“ og var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Lífvísindaáætlun ESB. „Í hluta af doktorsverkefni Havards sýndum við fram á að prótíntengd fjölskrubóluefni með ónæmisglæðinum LT-K63 vekja verndandi ónæmi gegn pneumókokkasýkingum í nýfæddum og ungum músum. Áhugavert var að bólusetning um nef var virkari en bólusetning undir húð. Í mínu verkefni sýndum við hinsvegar fram á að bóluefnið ásamt LT-K63 jók einnig myndun B minnisfruma, sem er stór þáttur í langtímavernd gegn sýkingum. Bólusetning nýbura með hreinni fjölskrum virðist geta skert ónæmi sem þegar hefur myndast við bólusetningu með próteintengdum fjölskrum þegar bólusetting er undir húð, en ekki ef hreina fjölskrum er gefin um nef“ segir Stefania.

Þessar niðurstöður kynnti hún á síðasta ári á ráðstefnunni Vísindi á vordögum og á Alþjóðþingi í ónæmisfræði í Montreal í Kanada. Stefaniú var boðið sem ungur vísindamaður af Norrænum samtökum í sýklavörnum á ársþingi þeirra í Osló sl. haust til að kynna rannsókn sína þar. Niðurstöðurnar hafa verið samþykktar til birtingar í European Journal of Immunology, sem Highlight í heftinu sem kemur út í apríl á þessu ári.

Vorið 2003 var verkefni Stefaniú uppfært í doktorsnám með samþykki rannsóknanámsnefndar læknaeildar. Doktorsverkefnið gengur undir nafninu: „Myndun og einkenni fjölskrum sértækra B-minnisfruma í nýfæddum mús - bólusetning með próteintengdum fjölskrum með mismunandi bóluefnum, ónæmisglæðum og eftir mismunandi bólusetningarleiðum.“

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði, Rannsóknasjóði HÍ, Vísindasjóði LSH og minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Þá leggur Aventis Pasteur í Frakklandi til bóluefni auk þess sem Chiron Vaccine á Ítalíu leggur til LT-ónæmisglæða.

Stefanía hefur tekið virkan þátt í öðrum rannsóknum leiðbeinenda síns sem varða ónæmiskerfi nýbura og svör við bólusetningum. Þá hefur hún unnið undir handleiðslu Ingileifar að mælingum á boðefnum í nefslími og blóði ungbarna með RSV sýkingar í samvinnu við Sigurð Kristjánsson, barnalækni.



Vinnuhópurinn sem er undir leiðsögn Ingileifar er að sögn Stefaniú samheldinn og skemmtilegur. Vinnuandinn er því með besta móti í hinu gamla þvottahúsi LSH þar sem ónæmisfræðideildin er nú til húsa.

Stefanía er að sjálfsögðu ánægð með að hafa verið verðlaunuð fyrir rannsóknarstörf sín og segir þau vera góða viðurkenningu fyrir störf sín undanfarin ár.

Framtíðaráform hennar eru að ljúka doktorsprófi við læknaeild HÍ sem er áætlað um áramótin 2006 og 2007. Þá hefur hún í huga að sækja um post-doc stöðu í rannsóknum á sama sviði, ónæmisvari nýbura, á erlendri grundu.

Stefanía lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1995 og B.S. prófi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 2000. Hún er í sambúð með Victori Castañeda Peña og á með honum tvö börn, Blöncu Láru, 5 ára og Tristan Alejandro, 2 ára.

Ársskýrsla Siðanefndar LSH 2004

Alls voru haldnir 19 fundir á árinu 2004.

Fjöldi umsókna og afgreiðsla þeirra var sem hér segir:

Samþykkt erindi frá fyrra ári, 2003	12
Vísáð til Vísindasiðanefndar	1
Máli lokið	1
Samtals	14

Fjöldi umsókna 2004	107
Samþykkt	71
Vísáð til Vísindasiðanefndar	13
Óafgreitt erindi vegna þess að gögn vantar	19
Frestað til ársins 2005	4
Samtals	107

..... á árinu 121 erindi.

Að öðru leyti er vísáð til fundargerða sem birtar eru á vef LSH.

Með breyttum verklagsreglum hefur skilvirkni orðið meiri. Áfram var haldið stefnumótandi vinnu.

Settar voru nýjar viðmiðunarreglur um skil milli vísindarannsókna og gæðaverkefna í samvinnu við Vísindasiðanefnd. Önnur stefnumótandi verkefni vörðuðu skil milli tilraunameðferðar og viðtekinnar meðferðar og nemaverkefni tengd námskeiðum.

Formaður Siðanefndar Jón Jóhannes Jónsson sótti námskeið um störf siðanefnda í Vienna School of Clinical Research 21 - 24 nóvember 2004. Bandaríska heilbrigðisráðuneytið viðurkenni Siðanefnd LSH sem slíka á árinu.

Hrafn Óli Sigurðsson, hjúkrunarfræðingur hætti í nefndinni í apríl sl. Jónína Sigurðardóttir kom inn sem varamaður hans.

Siðanefnd LSH skipa:

Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir tilnefndur af framkvæmdastjórn formaður, varamaður: Þórður Sigmundsson, yfirlæknir.

Ólöf Sigurðardóttir, sérfræðingur, tilnefnd af lækna ráði, varamaður: Aðalsteinn Guðmundsson sérfræðingur.

Gerður Gröndal sérfræðingur, tilnefnd af lækna ráði, varamaður: Björn Zoega, yfirlæknir.

Jónína Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði,

Jóhannes Pálmason, yfirlögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn, varamaður: Oddur Gunnarsson, lögfræðingur.

Kalla Malmquist, sviðstjóri, tilnefnd fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn, varamaður: Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur.

Salvör Nordal, heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu.



SIÐANEFND LSH

Á Landspítala - háskólasjúkrahúsi starfa tvær siðanefndir. Annars vegar siðanefnd LSH, en ó heimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki nefndarinnar. Hins vegar Siðanefnd stjórnslurannsóknna sem fjallar um aðrar rannsóknir sem ekki falla undir Siðanefnd LSH.

Siðanefnd LSH er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð stjórnarnefndar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklunga. Nefndin fjallar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem framkvæmdar eru á spítalanum, að undanskildum umsóknum um leyfi til fjölþjóðlegra rannsókna og samstarfsverkefna við stofnanir eða aðila utan háskólasjúkrahússins, en þær skal senda til Vísindasiðanefndar. Hlutverk nefndarinnar er að meta að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd rannsókna.

Erindi frá árinu 2003, samþykkt 12.

Greining líkamsstöðu hjá sjúklingum á hlutlægan hátt með KineView hreyfigreininum

Lungnasýkingar af völdum Pseudomonas Aeruginosa og skyldra bakteria á LSH

Hátíðni öndunarvéla meðferð á nýburum

Polast heimamælingar betur en innliggjandi mælingar á svefnháðum öndunartruflunum

Breytt mönnun á öldrunarlækningadeild fyrir heilabílaða: Áhrif á gæði hjúkrunarþjónustu og starfsánægju

Tengsl táþnrýstings við öklaprygting klínisk einkenni og æðamyndatöku hjá sjúklingum með blóðþurrð í ganglumum

Hyponatremia eftir aðgerðir á börnum

Hs-CPR hjá sjúklingum með bráðan heilæðasjúkdóm

Notkun ónæmislitunar Complement C9 til snemmgreiningar hjartavöðvadreps og notkun þeirra litunar í réttarkrúfningum."

Áhrif göngumyllubjálfunar í upphengi á göngu hjá "incomplete" mænusköðuðum einstaklingum – einliðasnið (single subject design)

Styrkþjálfun helftarlamaðra, áhrif hennar á mótstöðu kálfavöðva gegn óvirkri hreyfingu ökkla og frásýrnu í göngu.

Áhrif Neurontin (gabapentin), á verki eftir hnéskiptaaðgerðir

Erindi frá árinu 2004, samþykkt 71

Faraldur af utanbastígerðum (epidural abscessum) á Íslandi 2003: Klínisk mynd, orsakir, faraldsfræðilegir og sýklafræðilegir þættir

Sjúklingar með brjóstverk á bráðmóttöku LSH. Sjúkdómsgreiningar og afdrif.

Mastoiditis (stikilbólga) hjá börnum á Íslandi Áreynslubundinn bjúgur í koki. (EILP) – mismunagreining við áreynsluasthma (EIA)

Hver er dánartíðni af völdum heilavetsblæðinga og hvað þættir hafa áhrif á hana?

Rannsókn á móttöku meðferð og afdrifum sjúklinga sem komið hafa á LSH árin 1997-2003 vegna rofs á ósæðargúl á kvið

Faraldsfræðin adenoveiruskýkinga á Íslandi og fylgikvillar þeirra hjá börnum

Heilablóðfall hjá einstaklingum 45 ára og yngri

Er þörf fyrir áframhaldandi stuðning að lokinni krabbameinsmeðferð?

Samanburður á þremur rannsóknaaðferðum (æðapræðingu, ómskoðun og tölvusneiðmynd) við greiningu á þrengingum í hálsslagæðum

Psycho-Educational Cognitive Group Therapy of Mixed Emotional Disorder

Ný starfræn mæling á brjóstkassapani sjúklinga með hryggjikt

Áhrif misdjúpra svæfinga hjá gjörgæslusjúklingum á lengd meðferðar í öndunarvél, legutíma, hjúkrunarþyngd og andlegan legutíma

Höfuðáverkar hjá börnum. Sex ára uppgjör.

Upplifun og afstaða þriggja fjölskyldna til fjölskyldumeðferðar á BUGL, ásamt afstöðu og mati tilvísunaraðila til sömu meðferðar

Ábendingar fyrir aðgerð, meðferð og afdrif sjúklinga sem gengist hafa undir fóðringu af ósæðargúlum við LSH árin 1997-2003

Tíðni skorts á mjólkursykurkljúfri (lactase deficiency) og garnaertingaheilkenni (irritable bowel syndrome, IBS) hjá einstaklingum er telja sig hafa mjólkursykuróþol. (lactose intolerance)

Beinhagur sjúklinga með herslimein og faraldsfræði sjúkdómsins á Íslandi

Áhrif á hreyfingar á blóðsykursgildi eftir máltíðir í meðgöngusykursykki

Viðhorf sjúklinga á gæsludeild til þess að liggja á sjúkrahósti með sjúklingum af öðru kyni

Rannsóknir á líffærasértækum ónæmissjúkdómum með heilkenni Sjögrens sem módelssjúkdóm."

Krabbamein í anus á LSH 1987 – 2001

Ristilkrabbameina á LSH 1987 – 2001

Samanburður á aðgerðaraðferðum -Snodgrass og Mathieu- við distal hypospadias

Fræðsluþörf aðstandenda sjúklinga sem fara í kransæðaaðgerð (CABC) á meðan á sjúkrahúsdvöl stendur og fram að endurhæfingu

Mælingar á sýrustigi í naflastrengsblóði. Tæknileg útfærsla blóðtöku

Lyfjæitranir sem koma til meðferðar á slysa- og bráðadeild LSH í Fossvogi

Athugun á bakteríuflóru á höndum starfsmanna skurðeilda LSH m.t.t. mögulegra spítalasykinga fyrir og eftir handsprittunaráttak.

Tíðni og alvarleiki geðrænna og tilfinningalegra vandamála hjá sjúklingum sem koma til áfengis- og eða fíkniefnameðferðar á áfengis- og vímuefna-meðferðardeildir LSH og árangur þeirra ári eftir að meðferð líkur

Brunaslys á höfuðborgarsvæðinu

Krabbamein í endabarmi á LSH 1995 – 2003

Mynstur klumbufótaaðgerða á íslenskum börnum

Mynstur mjaðmaaðgerða á íslenskum börnum í 20 ár (1984 – 2003)

Mynstur alvarlegra handaráverka á Íslandi

Mynstur fjóláverka og afdrif einstaklinga á Íslandi sl. 10 ár

Sameindafaraldsfræði Chlamydia trachomatis í sýnum frá sjúklingum með endurteknar eða viðvarandi sýkingar

Nýtt meðferðarferli við ristilúrnám

Rhesusvarnir á Íslandi – 10 ára uppgjör

Áhrif hugrænnar atferlismeðferðar á félagsfælni

Hjúkrun og öryggi sjúklinga á skurðstofu

Hver er árangur unglunga sem fá meðferð við þunguþendi á göngudeild barna- og unglunga geðdeildar LSH?

Meðgöngusýki á Íslandi 1998 – 2003

Lífsgæði fólks sem greinst hefur með yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru

Lungnaástungur gegnum brjóstvegg á Landspítala Háskólasjúkrahúsi Fossvogi árið 2003

Notkun ytri öndunarvéla á LSH

Árangur af smásjáraðgerðum vegna brjóstklöss í mjóbaki á Heila- og taugaskurðeild Borgarspítalans 1981 – 1984 Tuttugu ára eftirfylgni.

Gátir á bráðamóttökudeildum geðsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss

Dánartíðni septískra sjúklinga á gjörgæsludeild LSH

Blóðfitur blóðskilunarsjúklinga

Gæðaúttekt / umbótaverkefni - Verkjalyfjameðferð á legudeildum LSH: Samanburður við rannsókn frá 1999 og við alþjóðlega gæðastaðla um verkjameðferð

Sykurþolspróf á meðgöngu: Ástæður og útkoma

Tilfinningaleg líðan og lífgæði sjúklinga með ristilkrabbamein eftir skurðaðgerð

Félagsleg afdrif eftir heilaáverka

Kíghósti á Íslandi, afturskyggn rannsókn Blóðsýkingar barna með illkynja sjúkdóma á Barnaspítala Hringisins 1990 - 2000

Mynstur öndunarhreyfinga hjá sjúklingum með nýgreint heilablóðfall

Hugræn atferlismeðferð í hóp við félagsfælni

Árangur ósæðalokuaðgerða á LSH frá því að notkun lífrænna gerfiloka án stoðgrindar hófst

Lífsgæði, líðan og endurhæfingarþarfir einstaklinga sem fá lyfjameðferð við krabbameini, langtímarannsókn

Reynsla af dáleiðslumeðferð til að bæta geðræna líðan

Könnun á lífsvenjum kransæðarsjúklinga eftir kransæðavíkkun

Ákvarðanaferli ungra kvenna um fóstureyðingu

Að sættast og að breyta - hópmeðferð við kvíða

Sig á grindarholslíffærum kvenna

Reynsla aðstandenda langveikra sjúklinga

Blóðsýkingar og heilahimnubólga hjá nýburum á Íslandi á tímabilinu 1976 – 2004

Bulimia Test-Revised (BULIT-R): íslensk þýðing og staðfærsla

Könnun á viðhorfum sjúklinga til þjónustu öldrunarsviðs LSH

Orkuþörf gjörgæslusjúklinga og næringargjöf til þeirra

Árangur af fræðslu um líðan foreldra, svefn og næringu barna, eftir útskrift af vökudeild

Áhættuþættir fyrir alvarlegum og langvinnum lungnasjúkdómi hjá fyrirburum

Samtals 83 erindi fyrir árið 2004.

Ársskýrsla siðanefndar stjórnsýslurannsóknna

Siðanefnd stjórnsýslurannsóknna hélt á árinu 10 formlega fundi. Hún kom fyrst saman 10. maí 2004 þar sem lagt var fram erindis- og skipunarbréf nefndarinnar og rætt vinnufyrirkomulag og verklag.

Siðanefnd stjórnsýslurannsóknna bárust 19 erindi á árinu

1. Tvö erindi voru samþykkt án athugasemda
2. Prettán erindi voru samþykkt með fyrirvara um úrlausn ákveðinna þátta.
Fullnægjandi úrlaust barst við sjö erindum.
Enn umsækjandi hætti við rannsókn.
Beðið er eftir úrlaust ákveðinna þátta vegna fimm erinda.
3. Við þrjú erindi var óskað viðbótarupplýsinga áður en afstaða var tekin til þeirra.
Viðbótarupplýsingar bárust við tvö og voru erindin samþykkt.
Ekkert heyrðist frá þriðja umsækjanda innan tveggja mánaða, sem er sá tími sem gefinn er til að koma á framfæri við nefndina viðbótarupplýsingum.
4. Einu erindi var hafnað.

Nefndinni er ekki kunnugt um niðurstöður þeirra rannsókna/kannana sem lokið er, en síðari hluta ársins fór nefndin að óska eftir að fá niðurstöður rannsókna/kannana sendar. Síðla árs var sett upp heimasiða fyrir siðanefnd stjórnsýslurannsóknna á upplýsingaveitu LSH undir vísindastarf. Þar er að finna umsóknar-eyðublað, ásamt upplýsingum um gögn sem umsókn þurfa að fylgja og fl. Unnið er að undirbúningi vegna síðareglna fyrir nefndina.

Í nefndinni eiga sæti:

Erna Einarsdóttir, sviðsstjóri starfsmannamála, formaður
Varamaður: Svava Þorkeldsdóttir, deildarstjóri, skrifstofu starfsmannamála

Jóhannes Pálmason, yfirlögfræðingur
Varamaður: Oddur Gunnarsson, lögfræðingur, skrifstofu starfsmannamála

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, félagsvísindadeild HÍ.
Varamaður: Ómar H. Kristinsson, lektor, félagsvísindadeild HÍ.

Ritari nefndarinnar er Karólína Sveinsdóttir

Leyfi til eftirtalinna rannsókna voru gefin

Hjúkrun og öryggi sjúklinga á skurðstofu

Upplýsingar um störf og menntun til starfa innan heilbrigðis- og félagsgreina

Gátir á bráðamóttökudeildum geðsviðs LSH

Áhrif á ákvarðanatöku um niðurskurð fjárlaga til skurðsviðs LSH á þjóðarframleiðslu

Umgjörð og heilsa í starfi lækna

Viðhorf starfsmanna til hláturs og áhrif hláturs á starfsánægju og afköst

Yfirfærslugildi stjórnunarstaðla fyrir hjúkrunarstjórnendur milli menningasvæða

Samráð - fyrir hvern?

Könnun á viðhorfi hjúkrunarfræðinga á göngu- og dagdeildum og sjúkraþjálfara til rafrænnar skráningar

Hefur fjarlægð legusjúklinga frá aðalvinnurými hjúkrunarfræðinga áhrif á hvernig þjónustu þeir fá?

Forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu - sjónarhorn heilbrigðisstarfsmanna

Leyfi til að senda út spurningalista frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands til hjúkrunarstjórnenda á LSH

Könnun á starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga á slysa- og bráðadeild LSH

Könnun á starfsumhverfi starfsmanna Eflingar á slysa- og bráðadeild LSH

Könnun á starfsumhverfi móttökuritarara á slysa- og bráðadeild LSH

Ert þú með verki? Hvernig eru hjúkrunarfræðingar á LSH að meta verki?

SIÐANEFND STJÓRNSÝSLURANNSÓKNA

Við Landspítala - háskólasjúkrahús starfar siðanefnd stjórnsýslurannsóknna /almennra rannsókna sem fjallar um allar rannsóknarbeiðnir og rannsóknar-áætlanir, sem ekki falla undir siðanefnd LSH, sem skipuð er skv. lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Í mars 2004 var gefið úr erindisbréf vegna Siðanefndar stjórnsýslurannsóknna og starfar nefndin á ábyrgð forstjóra LSH og hefur nán tengsl við Siðanefnd LSH. Tilgangur nefndarinnar er að leiðbeina, meta og veita samþykki fyrir rannsóknum sem fram eiga að fara innan spítalans, frá siðfræðilegu og vísindalegu sjónarmiði og gæta þannig hagsmuna þátttakenda og um leið stofnunarinnar. Niðurstöðum nefndarinnar má áfrýja til forstjóra LSH.

Afgreiðsla erinda sem nefndinni berast skal kynnt Siðanefnd LSH og fundar-gerðir nefndarinnar lagðar þar fram.



VEGGSPJÖLD Á VÍSINDUM Á VORDÖGUM LSH 2004

- 1 Að ná tökum á upplýsingum í tölvakerfi á röntgendeildum
Gyða Halldórsdóttir, RN, BSC, CNA
- 2 Afdrif sjúklinga með tímabundna heilablóðþurrð (TIA)
Ágúst Hilmarrson1, Elías Ólafsson1,2, Haukur Hjaltason1,2 Læknadeild HÍ1, Taugadeild LSH2
- 3 Aldursháð T-frumu svör gegn próteintengum pneumókokkafjölskrum: Veikt og Th2-rikiandi svar í nýfæddum músum má yfirvinna með notkun LT-K63 ónæmisglæðis. *Hávard Jakobsen1, Sólveig G. Hannesdóttir1, Stefánía P. Bjarnarson1, Emmanuelle Trannoy2, Giuseppe Del Giudice3, Claire-Anne Siegrist4 og Ingileif Jónsdóttir1*
1)Rannsóknastofnun LSH, Ónæmisfræðideild, 2)Aventis Pasteur, Frakkland, 3)Chiron, Ítalía, 4)Genfarhaskóli, Sviss.
- 4 Aldursháð brottfall C4B*Q0 bendir til að styrkur magnasameinda hafi áhrif á heilbrigði og/eða langlífi. *Guðmundur Jóhann Arason, Sigurður Bóðvarsson*, Guðmundur Þorgeirsson*, Sveinn Guðmundsson#, Judit Kramer§ og Georg Fúst§. Rannsóknastofu í ónæmisfræði, *Lyflæknisdeild LSH og #Blóðbankanum, Reykjavík; §Semmelweis Háskólanum í Búdapest.*
- 5 Algengi truflaðrar vöðvaspennu af óþekktum orsökum (idiopathic dystonia, ID) á Íslandi – Faraldsfræðileg rannsókn *Hilmir Ásgeirsson1, Finnþogi Jakobsson1, Haukur Hjaltason1,2, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir2* 1Læknadeild Háskóla Íslands og 2 Taugadeild LSH.
- 6 Athyglisbrestur, óvirkni og flog Algengi og tengsl meðal íslenskra barna. *Pétur Lúdvígsson*, Dale Heschler††, Elías Ólafsson**, Ólafur Kjartansson##, Gunnar Guðmundsson** (dóttir), WA Hauser#, Barnaspítali Hringins *, Columbia University NY#, Taugalækningadeild **, Röntgendeild ##.*
- 7 Aukið hjartaútfall við dobutamín meðferð í sepsis skilar sér ekki í auknu smáæðablóðflæði í börnum. *Gísli H. Sigurdsson1 Luzius Hiltbrand2, Vladimir Krejci2 Samstarfsverkefni LSH - HI og UnibE #1 1Svæfinga- og gjörgæsludeild LSH og 2Svæfinga- og gjörgæsludeild, Háskólasjúkrahús í Bern, Sviss.*
